

Hlutverk foreldra í skólastarfi

Val á foreldrafulltrúa (tengli) í Grunnskólanum Hellu.

Í byrjun skólaárs kallar skóli/stjórn foreldrafélagsins eftir tenglum úr öllum bekkjardeildum.

Val á foreldrafulltrúum fer fram innan foreldrahópsins og eru tenglar oftast 2.

Ef enginn enginn gefur sig fram sem foreldrafulltrúi eða foreldrahópurinn kemur sér ekki saman um hver á að vera foreldrafulltrúi dregur stjórn foreldrafélagsins tvö nöfn úr foreldrahóp bekkjar sem foreldrafulltrúa.

Stjórn foreldrafélagsins boðar foreldrafulltrúa á fund í síðasta lagi um mánaðarmótin september, október og á honum er:

1. Farið yfir hlutverk foreldrafulltrúa einstakra bekkjardeilda í Grunnskólanum Hellu.
2. Farið yfir föst verkefni foreldrafélagsins.

Á heimasíðu Grunnskólans Hellu eru birt nöfn foreldrafulltrúar í hverjum bekk.

Hlutverk foreldrafulltrúa (tengla) einstakra bekkjardeilda í Grunnskólanum Hellu.

Annast og halda opnum samskiptaleiðum á milli foreldra innan viðkomandi bekkjardeildar.

Hjálpa til og styðja foreldrafélagið í starfi sínu.

Aðstoða við að útvega foreldra til ýmissa verka á vegum foreldrafélagsins.

Umsjónarkennari getur haft samband við foreldrafulltrúana og beðið um að þeir útvegi foreldra til aðstoðar við ýmsar upptökur innan bekkjarins tengdar félagsmálum, ferðalögum, fündri o.fl.

Tenglar í samráði við aðra foreldra bekkjarins hafa einnig rétt til að halda bekkjarkvöld, spilakvöld eða eitthvað þess háttar.

Ef eitthvað kemur upp á í einhverjum bekk geta foreldrar haft samband við sína tengla og fengið þá í lið með sér ef t.d. þarf að tala við umsjónarkennara eða skólastjórn og eða kalla saman fund með foreldrum bekkjarins.

Föst verkefni foreldrafélagsins

Styrkir öll stig Grunnskólans Hellu vegna vorferða.

Jólasveinar á litlu jól í Grunnskólanum Hellu.

Laufabrauðsbakstur (Panta laufabrauð, undirbúningur og frágangur)

Foreldrar 5.-6.bekkjjar aðstoða.

Kveikt á jólatrénu á árbakkanum, dagskrá og veitingar. Foreldrar 3.-4.bekkjjar aðstoða.

Öskudagur (köttur, nammi, tunna) Foreldrar 1.-2.bekkjjar aðstoða.

Páskabingó (vinningar og umsjón) Foreldrar 7.-10.bekkjjar aðstoða.

Þessi verkefni fari fram í samvinnu við stjórn foreldrafélagsins og má sjá sem tækifæri fyrir foreldra til þes að taka þátt í félagsstarfinu í skólanum.